

Á haustfundi Foreldrafélags Brúarásskóla þann 7. september síðastliðinn ræddu foreldrar þær framkvæmdir sem hafa staðið yfir við annað gamla íbúðarhúsið við skólann. Það er mikil ánægja með hvernig tiltókst, allt annað að sjá húsið svona málað og fínt og gleðilegt að það sé komið í leigu. Nú er það von okkar að haldið verði áfram með verkið og hitt húsið lagað í framhaldinu. Það væri sveitarfélaginu til sóma að koma þessu í lag og leigja svo út. Viljum við því hvetja sveitarfélagið til að láta ekki staðar numið og halda áfram með verkið.

Með vinsemd og virðingu  
fyrir hönd Foreldrafélags Brúarásskóla

Steinunn Snædal